

Samanburður á meintri dulrænni reynslu Íslendinga árin 1974 og 2006

Erlendur Haraldsson

Árin 1974 -1975 framkvæmdi höfundur, þá nýráðinn lektor í sálfræði við Háskóla Íslands, umfangsmikla könnun um dulræna reynslu landsmanna, ýmis konar þjóðtrú, trúhneigð og trúarreynslu og viðhorf til ýmissa dulrænna fyrirbæra og þjóðtrúar (Erlendur Haraldsson, 1978). Í þessari könnun kom fram sterk trú á tilveru ýmissa dulrænna fyrirbæra. Jafnframt taldi stór hluti svarenda sig hafa reynt eða orðið fyrir ýmsum tegundum dulrænnar reynslu, svo sem berdreymi, orðið var við látinn mann, fengið hugboð um atburð og svo framvegis. Einnig kom fram veruleg trú á ýmis fyrirbæri í þjóðtrúnni og nokkur persónuleg reynsla á því sviði, svo sem að hafa orðið var við fylgju og hafa séð álfa eða huldufólk.

Niðurstöður þessarar könnunar ollu á sínum tíma nokkru írafári og þótti sumum þær bera vott um hjátrú og hindurvitni landa vorra. Ástæðan er einföld. Gjarnan er litið á öll þessi fyrirbæri sem *yfirmáttúrlæg*, það er, að þau séu handan þeirra lögmála sem vísindi samtímans álíta traustust eða séu handan hins efnislega veruleika, og þar með geti þau ekki verið til, það er verið raunsönn. Tökum berdreymi sem dæmi. Sé um raunverulegt berdreymi að ræða þýðir það að vitneskja um atburð (draumurinn) verður til á undan atburðinum sjálfum, og þar með birtist afleiðingin (draumurinn) á undan orsökinni, en slíkt er algerlega á skjön við orsakalögmálið. Mesta athygli vöktu þó niðurstöður um trú og reynslu almennings af álfum og huldufólki, fylgjum og álagablettum sem eiga sér langa sögu í þjóðtrúnni (Jónas Jónasson frá Hrafnagili, 1945).

Árið 2006 – aldarþriðjungi síðar - var gerð sambærileg könnun að frumkvæði Terry A. Gunnells dósents í þjóðfræði við Háskóla Íslands. Hér að neðan verður gerður nokkur samanburður á þessum könnunum og kynntar helstu niðurstöður þeirra þar sem þær eru sambærilegar¹.

¹ Rannsóknarsjóði Háskóla Íslands eru færðar þakkir fyrir styrki til þessarar rannsóknar árin 2006 og 2007.

Spurningalisti, úrtak og heimtur

Tilviljunarúrtök voru notuð í báðum könnunum. Árið 1974 var úrtaksstærðin 1132 og 902 svör bárust, og heimtur því 80%. Árið 2006 var úrtakið 1501 og 666 svör bárust og heimtur 44,4%. Sjá nánar í töflu 1. Slakar heimtur í könnuninni frá 2006 - sérstaklega hjá körlum (36%) - gera túlkun niðurstaðna nú varhugaverðari en árið 1974 þegar heimtur urðu eins og best varð á kosið.

Vegna slakrar heimtu var ákveðið að taka árið 2007 nýtt rúmlega 300 manna úrtak. Hópur nemenda í þjóðfræði og nokkrir vildarmenn sendu hver spurningalistann til 10 manns. Heimtur voru mjög góðar og 325 manns skiluðu útfylltum spurningalistum (sjá nánar í grein Terry Gunnells í þessari bók).

Tafla 1. Úrtak og heimtur í könnunum árin 1974 og 2006 um dulræna reynslu, íslenska þjóðtrú og trúarviðhorf

	1974	2006
Stærð úrtaks	1132	1501
Fjöldi svarenda	902	666
Heimtur alls	80%	44%
Heimtur hjá körlum	75%	36%
Heimtur hjá konum	84%	52%

Í nýja spurningalistanum eru 79 spurningar. Fáeinum spurningum úr fyrri könnuninni var sleppt og nokkrar nýjar teknar inn í staðinn en meginefni spurningalistans er hið sama í báðum könnunum. Listinn var saminn af Terry Gunnell og Erlendi Haraldssyni og ábendingar fengnar frá ýmsum aðilum. Könnunin var framkvæmd af Félagsvísindastofnun.

Samanburður á helstu niðurstöðum um dulræna reynslu

Áberandi er í könnuninni frá 2006 hve mikill kynjamunur er á fjölda þeirra sem telja sig hafa reynt einstakar tegundir dulrænnar reynslu (Sjá töflu 2a). Þetta kemur ekki á óvart því í könnuninni árið 1974 mátti sjá hið sama. Konur töldu sig oftast en karlar hafa orðið fyrir ýmissi reynslu. Varðandi níu af tíu tegundum dulrænnar reynslu er hundraðstala kvenna hærrí, þótt ekki sé hún marktækt hærrí nema hvað varðar að verða var við návist látins manns, að hafa séð svip, orðið var við fylgju og orðið var við návist látins dýrs. Allt

eru þetta – ef raunsönn – fyrirbæri annars heims þar sem gert er ráð fyrir öflum handan hins efnislega veruleika. Engin tegund dulrænnar reynslu var tíðari meðal karla en kvenna. Þessi kynjamunur er gamalkunnugur og hefur fundist víða um lönd, alls staðar þar sem hann hefur verið kannaður (Haraldsson og Houtkooper, 1991; Palmer, 1979; West, 1948).

Tafla 2a. Samanburður á meintri dulrænni reynslu karla og kvenna í könnuninni 2006. Birt er hundraðstala svarenda sem telja sig hafa orðið fyrir tiltekinni dulrænni reynslu

	Karlar	Konur	Alls
Reynt berdreymi	36	41	39
Fengið hugboð um atburð	52	56	55
Séð yfirnáttúrlega hreyfingu	11	12	12
Búið í húsi sem reimt var í	29	34	32
Orðið fyrir reynslu utan líkama	18	19	19
Orðið var við látinn mann	28	45	38
Séð svip framliðins manns/konu	13	20	17
Orðið var við návist látins dýrs	6	12	10
Orðið var við fylgju	11	20	16
Séð álfa eða huldufólk	4	6	5
Býr yfir minningu um fyrra æviskeið	8	12	10
Erfiðleikar vegna rasks álagabletta	3	3	3

Að hafa fengið hugboð um atburð er nú algengasta reynsla svarenda (55%) og mun algengari nú en árið 1974 þegar hún var 27%. (*Hefur þér í vöku nokkeru sinni að tilefnislausu fundist að sérstakur atburður hafi gerst, sé að gerast eða muni gerast, og hugboð þitt síðar reynst rétt?*) Sjá töflu 2b. Næsttíðast er berdreymi (39%) en það var tíðasta reynslan árið 1974 og er nú svipuð og þá (36%). (*Ertu berdreymin(n)? Það er, hefur þig nokkeru sinni dreymt atburði sem gerðust samtímis eða síðar, og þú hafðir með eðlilegu móti enga vitneskju um?*)

Tafla 2b. Samanburður á meintri dulrænni reynslu fólks í könnuninni 2006, í úrtaki 325 manna frá árinu 2007 og í könnuninni 1974

	2006	2007	1974
Reynt berdreymi	39	40	36
Fengið hugboð um atburð	55	55	27
Séð yfirnáttúrlega hreyfingu	12	12	9
Búið í húsi sem reimt var í	32	35	18
Orðið fyrir reynslu utan líkama	19	23	8
Orðið var við látinn mann	38	42	31
Séð svip framliðs manns/konu	17	21	-
Orðið var við návist látins dýrs	10	11	-
Orðið var við fylgju	16	17	17
Séð álfa eða huldufólk	5	5	5
Býr yfir minningu um fyrra æviskeið	10	10	2
Erfiðleikar vegna álagabletta	3	5	2

Athyglisverð er hin háa tíðni þess að hafa orðið var við návist látins manns. Árið 1974 var hún 31% en hefur hækkað í 38%. (*Hefur þú nokkeru sinni orðið var/vör við návist látins manns?*) Mest var um að svarendur með reynslu af látnum hefðu orðið varir við nán skyldmenni (63%) en einnig við ókunnuga (41%). Þetta er í samræmi við umfangsmikla rannsókn höfundar á reynslu fólks af látnum sem byggir á safni 450 tilvika og fjallað er um í bókinni „Látinir í heimi lifenda“ (Erlendur Haraldsson, 2005). Eftirtektarvert er að 5% svarenda (3% karla og 5% kvenna) hefur orðið fyrir reynslu af látnum maka sínum, en fjöldi ekkla og ekkna hlýtur að hafa verið fámennur í úrtakinu og í hópi svarenda. Þetta er í samræmi við það sem áður hefur fundist héraendis (Erlendur Haraldsson, 2005) sem erlendis (Rees, 1971; Greeley, 1987). Endurteknar rannsóknir hafa leitt í ljós að um eða rúmur helmingur ekkna og ekkla kveðst einhvern tíma verða á sannfærandi hátt var við látinn maka sinn, og verða þar með oftast var við látna en nokkur annar hópur manna.

Bætt var við nýrri spurningu um reynslu fólks af látnum. „*Hefur þú nokkeru sinni í vöku séð svip (það er greinilega útlínmynd) framliðs karls, konu?*“ 17% svarenda svöruðu þessari spurningu játandi, 13% karla og 20% kvenna. Um fjórðungur þeirra sem kváðust hafa séð svip látins manns höfðu séð svip einu sinni, 59% nokkrum sinnum og 17% oft. Nýtt var einnig að spyrja hvort fólk hefði fundið fyrir návist látins dýrs. (*Hefur þú nokkeru sinni orðið var/vör við*

návist látins dýrs?) Tíundi hver svarandi kvað svo vera, 6% karla og 12% kvenna. Í 87% þessara tilvika hafði dýrið verið gæludýr.

Tíðni hinna einstöku tegunda reynslu má sjá í töflu 2b. Þar kemur fram að fleiri telja sig nú hafa orðið fyrir ýmis konar dulrænni reynslu en árið 1974. Engin tegund dulrænnar reynslu hefur orðið fátíðari en tíðni þess að hafa séð álfa eða huldufólk helst óbreytt við 5% og reynsla af fylgjum minnkar úr 17 í 16% en sá munur er ekki marktækur og telst því óbreyttur. Árið 1974 var reynsla af fylgjum tíðari á landsbyggðinni. Þar er hún nú 19% en 14% á höfuðborgarsvæðinu.

Þegar hefur verið minnst á að fleiri konur en karlar telja sig verða fyrir dulrænni reynslu. Menntun (lengd skólagöngu) hefur líka áhrif. Þegar kannanirnar frá 1974 og 2007 eru bornar saman sést hve geysileg breyting hefur orðið á menntun þjóðarinnar á þessum tíma. Árið 1974 var hlutfall svarenda með stúdents eða háskólapróf aðeins 5% og innan við þriðjungur í þeim hópi voru konur. Nú eru þeir sem lokið hafa einhverju háskólanámi 34% auk 16% sem lokið hafa bóklegu framhaldsnámi (t. d. stúdentsprófi, samvinnuprófi eða verslunarprófi). Hópur kvenna meðal langskólagenginna er ívið hærri en karla þótt ekki sé sá munur marktækur.

Með vaxandi skólagöngu minnkar lítillega hlutfall þeirra sem telja sig hafa orðið fyrir dulrænni reynslu. Þar sem úrtakið er stórt nær mjög lág fylgni því að verða marktæk. Fylgni milli menntunar og þess að hafa orðið fyrir einhverri dulrænni reynslu er $-.12$ sem er mjög lág fylgni þótt marktæk sé. Hvað einstakar tegundir dulrænnar reynslu varðar verður fylgnin hæst við berdreymi ($r_s = -.14$) og lægst við að hafa fengið hugboð ($r_s = .01$), orðið fyrir reynslu utan líkama ($r_s = -.01$) og að hafa séð fyrirnátturlega hreyfingu ($r_s = -.01$).

Áhrif kyns og menntunar á dulræna reynslu mega heita hin sömu, fylgnin er $r = .12$ fyrir kyn og $r = -.12$ fyrir menntun.

Kynni af ýmis konar dulrænni starfsemi

Eitt af því sem könnunin frá 1974 spurðist fyrir um var þátttaka manna í og reynsla af ýmissi dulrænni starfsemi, svo sem miðils- og skyggnilýsinga-fundum, spáfólki og hug- og bænalækningum. Þetta var nú endurtekið. Samanburð niðurstaðna frá 1974 og 2006 má sjá í töflu 3.

Tafla 3. Hundradstala karla og kvenna árið 2006 með kynni af nokkrum tegundum dulrænnar starfsemi

	Karlar	Konur	Alls 2006	Alls 2007	Alls 1974
Sótt skyggnilýsingafund	20	40	32	30	30
Sótt miðilsfund	28	47	39	34	32
Leitað til spákonu	26	64	49	43	52
Leitað til stjörnuþámanna	7	15	12	9	3
Leitað til huglæknis	15	31	25	24	41
Lesið í bolla	2	10	7	6	-
Lesið í lófa	0	4	2	2	-
Notað Tarotspil	3	9	6	11	-

Tölurnar sýna að nokkuð hefur aukist að sækja miðils- og skyggnilýsingafundi og að leita til stjörnuþámanna, en verulega hefur minnkað að leita til hug- og bænalækna. Sem áður sækjast konur meira eftir þessari starfsemi en karlar. Má heita að tvisvar sinnum fleiri konur en karlar nýti sér þessa starfsemi. Mat á gagnsemi hennar er lítilsháttar hærra nú en 1974 eins og sjá má í töflu 4. Tíðast er að telja starfsemi spáfólks einskis nýta en hug- og bænalæknar fá mun betri dóma og verk þeirra sjaldan talin einskis nýt. Nú var bætt við spurningum um bolla- og lófalestur og notkun Tarotspila. Allt hefur þetta mjög litla útbreiðslu, einungis frá 2 til 7%.

Tafla 4. Mat á gagnsemi nokkurra tegunda dulrænnar starfsemi árin 2006 og 1974 (innan sviga). Hundradstala svarenda sem telja hana:

	Mjög gagnlega	Gagnlega	Einskis nýta	Skaðlega
Spáfólk	5 (3)	44 (25)	49 (71)	3 (1)
Stjörnuþámennt	5 (5)	61 (42)	34 (53)	0 (0)
Hug- og bænalæknar	44 (34)	46 (57)	9 (9)	0 (0)

Svo er það miðilsstarfsemin. Ekki var spurt um nytsemi hennar heldur hvort viðkomandi hafi komist í samband við framliðinn karl eða konu á miðilsfund. Fimmtíu og eitt prósent svöruðu því játandi, 19% töldu það hugsanlegt en 30% svöruðu neitandi. Fram kom að þegar samband náðist við látinn á miðilsfund var það í 86% tilvika við náð skyldmenni. Mun fleiri konur (56%) en karlar (35%) töldu sig hafa náð slíku sambandi við látna.

Árið 1974 kváðust 55% sig hafa fengið samband við látna á miðilsfundi, 21% töldu það hugsanlegt og 23% töldu ekkert slíkt hafa átt sér stað.

Lokaorð

Niðurstöður þessarar könnunar (þeirrar frá 2006) gefa við fyrstu sýn í skyn að meint reynsla af dulrænum fyrirbærum sé nokkuð algengari nú en fyrir 33 árum. Slakar heimtur í könnuninni frá 2006 gefa þó ástæðu til að álykta varlega um þetta. Ástæðan er sú að líklegt er að fólk með minni reynslu og áhuga um dulræn efni hafi fremur látið undir höfuð leggjast að svara spurningalistanum en fólk með meiri reynslu. Hópur þeirra sem ekki svöruðu var stór, eða 56%. Algengi dulrænnar reynslu kann því að vera eitthvað fátíðara en fram kemur í niðurstöðum en vart mun það muna nema lítilræði. Niðurstöður spurningalista frá 325 manna hóp árið 2007 ættu líka að styrkja niðurstöðurnar frá 2006. Óhaggað stendur því að mjög stór hópur fólks hér á landi telur sig hafa orðið fyrir dulrænni reynslu af ýmsu tagi. Tíðni þessarar reynslu mun áfram vera mjög há í alþjóðlegum samanburði eins og áður hefur komið fram (Erlendur Haraldsson, 1999; Haraldsson og Houtkooper, 1991).

Yfirgnæfandi meirihluti svarenda (78%) telur sig hafa orðið fyrir einhverri af þeim 12 tegundum dulrænnar reynslu sem spurt var um (meðaltal var 2,5), 72% karla og 82% kvenna. Þetta er nokkru meiri fjöldi en í könnuninni 1974 þegar 64% kváðust hafa orðið fyrir einhverri reynslu, 56% karla og 71% kvenna. Litlu breytir þótt þeim tveim tegundum reynslu sé sleppt sem ekki var spurt um árið 1974 (séd svip og fundið fyrir návist látins dýrs). Þá verður fjöldi þeirra sem einhverja reynslu hafa 77%.

Ef þjóðtrúarfyrirbærin eru skoðuð ein og sér (reynsla af álagablettum, álfum/huldufólki og fylgjum) sést að 15% karla og 24% kvenna kveður sig búa yfir reynslu af einhverju af þeim og er reynslan af fylgjum þar langalgengust. Þjóðtrúarfyrirbærin eru mun fágætari en hinn almenni flokkur dulrænna fyrirbæra, og þar munar mestu um hina háu tíðni hugboða og berdreymi.

Í þessari könnun sem þeirri frá 1974 var fólk aðeins spurt hvort það hefði orðið fyrir ákveðinni reynslu eða ekki. Ekki var beðið um lýsingu á reynslunni og engin nánari fyrirspurn eða rannsókn fór fram. Það verður því ekkert fullyrt um hvort í hverju tilviki hafi átt sér stað raunveruleg reynsla af ákveðnu fyrirbæri eða ekki. Stundum er það svo að sama eða sams konar reynsla ólíkra einstaklinga er túlkuð með mismunandi hætti eða gefin ólík

skýring af þessum sömu einstaklingum. Þessi könnun sýnir ef til vill fyrst og fremst hvernig fólk þessa lands túlkar ýmsa reynslu sína í byrjun 21. aldar.

Heimildir²

- Erlendur Haraldsson (1978). *Þessa heims og annars. Könnun á dulrænni reynslu Íslendinga, trúarviðhorfum og þjóðtrú*. Reykjavík: Bókaforlagið Saga.
- Erlendur Haraldsson (1999). Íslensk þjóðtrú og dultrú í alþjóðlegum samanburði. *Skírnir*, 173, 179-186.
- Erlendur Haraldsson (2005). *Látur í heimi lifenda. Niðurstöður rannsóknar um reynslu Íslendinga af látnu fólki*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Haraldsson E. og Houtkooper J. M. (1991). Psychic experiences in the Multinational Human Values Study. *Journal of the American Society for Psychological Research*, 85, 145-165.
- Greeley, A. M. (1987). Hallucinations among the widowed. *Sociology and Social Research*, 71, 258-265.
- Jónas Jónasson frá Hrafnagili (1945). *Íslenskir þjóðbattir*. Reykjavík: Jónas og Halldór Rafnar.
- Palmer, J. (1979). A community mail survey of psychic experiences. *Journal of the American Society for Psychological Research*, 73, 21-251.
- Rees, W. D. (1971). The hallucinations of widowhood. *British Medical Journal*, 4, 37-41.
- West, D. J. (1948). A mass-observation questionnaire on hallucinations. *Journal of the Society for Psychological Research*, 34, 187-196.

2 Greinar eftir höfundinn má finna á heimasíðu hans: www.hi.is/~erlendur/